

Íslensk mannanöfn

Íslensk málsaga bls. 107-125

Nafngift

- Nafni er ætlað að auðkenna þann sem það ber.
- Börnum gefið nafn með tvennum hætti:
 - Við trúarlega athöfn: skírning (hreinsun)
 - Prestur upplýsir Hagstofu Íslands sem skráir nafnið í Þjóðskrá
 - Bæði Ásatrúarfélagið og Siðmennt hafa líka verið með formlega nafngjöf.
 - Foreldrar gefa barni nafn og tilkynna Þjóðskrá
 - Hafa til þess 6 mánuði
 - Eftir það má beita þá dagsektum

Nafnsiðir

- Börn nefnd:
 - í höfuð náinna ættingja
 - Eða einhvers sem vitjar nafns í draumi
 - út í bláinn
 - skv. nafnatísku hvers tíma
 - Hún getur líka haft áhrif á lengd, fjölda og samsetningu nafna
 - Á 19. öld var í tísku að búa til kvenmannsnöfn úr karlmannsnöfnum
 - Ólafía, Hákonía, Hannesína
 - Stutt tvínefni hafa t.d. verið í tísku, a.m.k. síðastliðin 25 ár
 - Andri Þór, Birta Líf, Sindri Snær, Embla Sól

Hvað mótar nafnatísku?

- Bókmenntir:
 - Bækur/bókaflokkar: Líf, Dagur (*Ísfólkið*), Salka (*Salka Valka*), Andri (*Punktur, punktur ...*), Egill (*Egils saga*)
 - Fólk hefur líka orðið fráhverft nöfnum vegna bóka, s.s. Mörður og Hrappur (*Njáls saga*)
- Staðarheiti, s.s. Kalman (Kalmanstunga í Borgarfirði)
- Trúarbrögð
 - Biblían og dýrlingar: María, Jakob, Georg, Baltasar, Gabríel, Anna, Rakel, Rut, Adam, Eva
 - Samt ekki Jesús (a.m.k. ekki á Íslandi)
 - Heiðni: Þór, Freyr, Sif, Iðunn, Njörður, Óðinn, Nanna
 - ATH! Heiðnir menn nefndu börn sín ekki beint í höfuð guði; Þorsteinn, Freygerður, Þórunn

Hvað mótar nafnatísku?

- Frægir/þekktir einstaklingar s.s. leikarar, íþróttamenn eða kóngafólk:
 - Ómar → nýlegt: Omar Sharif (leikari)
 - Berglind → nýlegt: Lindberg (flugkappi, flaug fyrstur yfir Atlantshafið)
 - Friðrik og Kristján (danskir kóngar) – koma inn á 18. öld
- Styrjaldir, t.d. Hermann
- Breytingar á þjóðlífi s.s. siðaskiptin (dönsk/þýsk áhrif í nafngiftum)
 - Marteinn, Hannes, Eggert, Karólína, Axel, Jóakim

Íslenskir nafnasiðir

- Hvað er einstakt við íslenska nafnasiði?
 - Skírnarnafnið/nafnið sem okkur er gefið við fæðingu er eigin nafnið okkar
 - Víðast erlendis er ættarnafnið eigin nafnið
 - ATH. Ættarnafn Íslendinga er ekki eigin nafn
 - Við kennum okkur við móður eða föður
 - Nema hvort tveggja sé, sbr. Þórunni Erlu- og Valdimarsdóttur rithöfund

Ættarnöfn

- Upphaflega komin frá Rómverjum
- Fólk kennir sig við tiltekna ætt
 - Scheving (þorpið Schevinge á Sjálandi í Danmörku)
 - Briem (Brjánslækur á Barðaströnd)
 - Thorlacius (kennd við Þórð *Þorláksson*)
- Íslenskur ríkisborgari má ekki taka upp ættarnafn maka síns
 - Hann getur þó tekið það upp sem millinafn.
- Bannað að taka upp ný ættarnöfn
 - a.m.k. enn sem komið er ...
 - Til að varðveita sérkenni íslenskra nafnsiða

Ættarnöfn

- Að baki margra erlendra ættarnafna býr starfsgrein einhvers forföður
 - Smith – smiður
 - Miller/Møller/Müller - malari
- Í Færeyjum kenna menn sig stundum við stað
 - Kári á Rógvi
 - Jenis Kristjan av Rana
 - Þrándur í Götum (persóna í *Færeyingasögu*)
 - Hið sama þekkist í íslenskum sveitum: Siggi á Bakka, Palli á Grund – fæst samt ekki skráð í Þjóðskrá sem kenninamn

Viðurnefni

- Auknefni sem mönnum er gefið
 - Yfirleitt án þess þeir biðji um það
 - Þeim til hróss eða lasts
 - Algengt á Íslandi fram eftir öldum
 - Ekki síst í minni þorpum og bæjum t.d. algengt í Vestmannaeyjum
 - Persónur í miðaldabókum: Haraldur hárfagri, Önundur tréfótur, Kaupa-Héðinn, Guðrún nátt sól, Sigríður Eyjafjarðarsól
 - Þekkist í einhverjum mæli enn: Jón hlaupari, Raggi sótt (pabbi hans var sóttari), Bjössi slanga, Bylja-Björg, Látra-Björg, Alli köttur, Frímann bankaræningi
 - Í sjávarþorpum eru börn oft kennd við móður s.s. Siggi Unu

Uppnefni

- Menn ganga undir öðrum nöfnum en þeir eru nefndir
 - Oftast í niðrandi skyni
 - Af öðrum orðstofni en eigin nafnið
 - Sbr. Skalli, Drulli,

Gælunöfn og stuttnefni

- Gælunafn - Óopinbert nafn, f.o.fr. notað af þröngum hópi fólks s.s. ættingjum og/eða vinum
 - Brósi, Brói, Lilli, Systa, Lilla (heitir samt ekki Lilja)
- Stuttnefni – svipað og gælunafn, styttri útgáfa af nafni
 - Í samsettum nöfnum er yfirleitt aðeins annar liðurinn undir:
 - Gummi/Mundi, Gunna/Gurra/Gurrý/Rúna